

## REGLUR

### um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og rekstraraðila þeirra sem hafa staðfestu eða eru markaðssettir hér á landi samkvæmt lögum nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Reglurnar mæla fyrir um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði.

#### 2. gr.

##### *Afleiður til áhættuvarna.*

Um viðmið um þær aðstæður þar sem fjármálaafleiður þjóna eingöngu þeim tilgangi að vera vörn gegn áhættu sem er innbyggð í fjárfestingar sjóðs, sbr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

#### 3. gr.

##### *Nægilegur líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs.*

Um það við hvaða aðstæður líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst nægjanlega langur til að ná yfir lífsferil hvernar einstakrar eignar sjóðsins, sbr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

#### 4. gr.

##### *Viðmiðanir fyrir mat á markaði fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignar sem á að losna við.*

Um þær viðmiðanir sem nota mat á markaði fyrir mögulega kaupendur og verðmat á þeim eignum sem á að losa um, sbr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

#### 5. gr.

##### *Skilgreining á aðstöðu sem standa skal almennum fjárfestum til boða.*

Um tegundir og einkenni á aðstöðu fyrir almenna fjárfesta, sbr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

#### 6. gr.

##### *Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017, um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann einn tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingarsjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 25-29.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 30. maí 2023.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Gísli Óttarsson**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. júní 2023